



Forseti Alþingis
Einar K. Guðfinnsson,
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 1. júní 2015
Titlv.: ANR14100159/0.4.5

Hinn 13. október 2014 barst ráðuneytinu beiðni um skýrslu á þskj. 188 - 179. mál, frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur o.fl., um stöðu kvenna í landbúnaði og tengdum greinum.

Ráðuneytið fór þess á leit við Byggðastofnun að vinna skýrsluna svo fljótt sem kostur væri og miðað við að skýrsluskil yrðu 1. júlí 2015. Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar í dag hefur þurft að óska eftir upplýsingum ýmissa stofnana, s.s. Hagstofunnar, Þjóðskrár, Matvælastofnunar og Bændasamtaka Íslands. Svör við mörgum fyrirspurnum hafa ekki legið fyrir og hefur þurft að vinna frá grunni. Þannig hefur tekið lengri tíma að afla gagna og fá svör frá aðilum þar sem fyrirspurnin er yfirgripsmikil og úrvinnsla tímafrekari en reiknað var með í upphafi. Hefur Byggðastofnun óskað eftir fresti til 1. september n.k. varðandi skil á umbeðinni skýrslu. Jafnframt þarf ráðuneytið að reikna sér e-n tíma til að yfirfara skýrsluna.

Þetta tilkynnist hér með.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ólafur Friðriksson


María Hauksdóttir

129/144

Alþingi	
Málsnr. 1409308	Abm.
Mótt. - 9. júní 2015	WLF
Málalykill 0.33.4	Fskj.